



## LÓÐARLEIGUSAMNINGUR

Samkvæmt samþykkt byggðarráðs Dalabyggðar, leigir sveitarfélagið Dalabyggð kt. 510694-2019, neðangreinda lóð með þeim skilmálum sem nánar greinir í lóðarleigusamningi þessum.

### Leigutakar:

<b>Nafn:</b> Bakkahvammur hses.	<b>Kennitala:</b> 591219-1700
---------------------------------	-------------------------------

### Leigulóð:

Heiti:	Landeignanúmer:	Staðgreininúmer:	Fasteignanúmer:	Flatarmál:
Bakkahvammur 15	L233924	3811-3-	F2521681	1472 m <sup>2</sup>

Mörk og lega lóðarinnar er sýnd á meðfylgjandi uppdrætti dagssettuðum 27.5.2022 sem er hluti lóðarleigusamnings þessa.

### 1. LEIGUTÍMI

Lóðin er leigð til 75 ára. Leigulok eru þá 24.08.2097.

### 2. LEIGUGJALD

Ársleiga af lóðinni ákveðst samkvæmt gjaldskrá um lóðaleigu í Dalabyggð, eins og hún er á hverjum tíma. Við gerð þessa samnings er ársleigan 1,7% af fasteignamati lóðarinnar.

Leigugjaldið skal greiða á skrifstofu sveitarfélagsins og fer um innheimtu og gjalddaga eftir þeim reglum er gilda um innheimtu fasteignagjalda á hverjum tíma. Byggingar eða önnur mannvirki á lóðinni eru að lögveði fyrir leigunni með dráttarvöxtum og innheimtukostnaði, og má því til lúkningar gera fjárnám í byggingu og mannvirkjum á lóðinni skv. ákv. aðfaralaga nr. 90/1989 um fullnustugerðir á undangengis dóms eða sátta.

### 3. SKATTAR OG SKYLDUR

Leigutaki greiðir alla skatta og skyldur til opinberra þarfa, sem lagðar eru eða verða lagðar á hina leigðu lóð eða mannvirki á henni, sveitarsjóði Dalabyggðar að kostnaðarlausu.

### 4. HÚSASTÆRÐ OG GERÐ

a) Gildir um íbúðarhúsaloð.

Íbúðafjöldi hússins er 1 íbúð og er óheimilt að breyta honum, nema komi til samþykki byggingafulltrúa Dalabyggðar. Lóðin er leigð til íbúðarhúsabyggingar og þeirra afnota sem eðlilega fylgja heimilishaldi, en atvinnurekstur er leigutaka óheimill, nema til komi sérstök leyfi byggðarráðs.

### 5. KVAÐIR

Kvaðir eru á lóðinni um allan aðgang veitustofnana vegna lagna.

### 6. AFNOT ÞRIDJA ADILA

Leigutaka er óheimilt að leyfa öðrum einstaklingum, stofnunum eða félögum að reisa byggingar á lóðinni, flytja á hana hús eða gera önnur mannvirki á henni. Honum er enn fremur óheimilt að framselja eða láta af hendi á annan hátt til einstaklinga, stofnana eða félaga hluta af lóð þessari.

275



# Dalabyggð

## 7. LIMGERÐI OG GIRÐINGAR

Samráð skal hafa við grannlóðarhafa um frágang á sameiginlegum lóðarmörkum. Girðingar eða lóðarmerkingar við götur og stíga greiðast að fullu af lóðarhöfum. Leigutaki greiðir kostnað ef til mælingu lóðarinnar kemur ásamt því að leigutaki sinnir merkjum, girðingu og viðhaldi hennar.

## 8. ENDURBYGGING – TÍMAMÖRK

Nú rífur leigutaki niður öll hús á lóðinni, eða þau brenna, og er þá leiguréttur hans til lóðarinnar fallinn úr gildi, ef hann hefur ekki byggt hús á lóðinni að tveimur árum liðnum eftir að hús brunnu eða voru rifin niður. Um endurbyggingu á lóðinni fer eftir þeim reglum, sem á hverjum tíma gilda um byggingar í sveitarfélaginu.

## 9. YFIRTAKA LEIGURÉTTINDA

Hvenær sem sveitarstjórn telur þörf á að taka lóðina í sínar hendur að nokkru eða öllu leyti er leigutaka skylt að láta leigurétt sinn og lóðina af hendi. Fyrir byggingar og önnur mannvirki á lóðinni skal sveitarstjórn þá greiða leigutaka eftir mati, nema öðruvísi semjast. Við slík mál skal taka tillit til markaðsverðs og ástands bygginganna. Fyrir leiguréttinn greiðist ekkert endurgjald. Slík afhending á lóðinni, eða hluta hennar, skal þó í engu skerða rétt veðhafa.

## 10. RÉTTUR VEÐHAFA

Leigutaka er heimilt að selja og veðsetja leigurétt sinn að lóðinni í heild, ásamt húsum þeim og mannvirkum, sem á henni verða gerð. Réttur veðhafa til veðs í leiguréttinum skal haldast óskertur þótt leigutaki hafi ekki fullnægt skuldbindingum þeim, sem hann hefur undirgengist gagnvart lóðarsala með þessum leigusamningi, enda hvíli skuldbindingarnar á lóðinni og færast yfir á veðhafa eða aðra, sem öðlast leiguréttindi úr höndum hins upphaflega leigutaka. Brot á ákvæðum samnings þessa varða því þá, sem síðar fá lóðina til afnota, hinum sömu viðurlögum

## 11. HIRÐING LÓÐAR

Lóðarhafa er skylt að halda lóðinni snyrtilegri og geyma þar ekkert, sem er til lýta eða getur haft í för með sér hættu eða óþrifnað.

## 12. HEIMILD TIL FRAMKVÆMDA Á LÓÐ

Nú telur sveitarstjórn að nauðsyn sé að lagnir séu lagðar um lóðina og er það þá heimilt án þess að greiða bætur fyrir jarðrask eða annað, enda sjái sveitarfélagið til þess að lóðinni verði komið í samt lag aftur.

## 13. ÁSTAND LÓÐAR.

Lóðin afhendist í því ástandi, sem leigutaki hefur kynnt sér og sættir sig við. Lóðareigandi tekur enga ábyrgð á skemmdum á mannvirkjum af völdum náttúruhamfara eða breytinga í jarðvegi.

## 14. BREYTING Á LÓÐARUPPDRÆTTI

Nú reynast lóðarmörk í raun ekki í fullu samræmi við gildandi lóðarsamning, þannig að gera þurfi minniháttar breytingar á mörkum og lóðarstærð frá því, sem í samningi stendur, og er þá sveitarstjórn heimilt að þinglýsa einhliða nýjum lóðaruppdrætti og breytttri lóðarstærð.



# Dalabyggð

## 15. TILKYNNINGARSKYLDA.

Hús og önnur mannvirki á lóðinni er leigutaka heimilt að veðsetja og selja ásamt lóðarréttindum sínum, með réttu ferli tilkynninga.

## 16. SAMNINGSBROT.

Brjóti leigutaki í einhverju ákvæði þessa samnings þá er sveitarfélaginu heimilt að fella leigusamning þennan úr gildi og fellur þá lóðin aftur til þess.

## 17. ÞINGLESTUR.

Leigutaki greiðir kostnað við þinglýsingu á samningi þessum og stimpilgjald.

## 18. AÐRIR SKILMÁLAR.

Af lóðarleigusamningi þessum eru gerð þrjú samhljóða frumrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglýsingar. Rísi mál út af samningi þessum skal það sótt og varið fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

Búðardalur, 24.8.2022

Rím Þórhildur Þorbjörnsdóttir  
Sveitarstjóri Dalabyggðar (með fyrirvara um samþykki byggðarráðs)



Samþykki byggðarráðs staðfest dags.: 25.8.2022

Ég undirritaður leigutaki hef kynnt mér alla ofangreinda skilmála, geng að þeim og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

Búðardalur  
Staður

25.8.2022  
Dagsetning

Einar Jón Guðmundsson  
Undirritun leigutaka




\_\_\_\_\_  
Undirritun leigutaka

Vottar að undirritun, dagsetningu og fjárræði leigutaka:

Jóhanna M. dgm 280651-23229  
Nafn og kennitala votts

Þuríður Þinvaldard 2307744129  
Nafn og kennitala votts

# Íbúðarsvæði í Búðardal í Dalabyggð Deiliskipulagsbreyting



ADALSKIPULAG DALABYGGÐAR 2004 2016

### SAÐRÆKTIÐ

Deiliskipulagsbreyting þessur skv. 2. mgr. 43. gr. Skipulagslög nr. 123/2010. Tillagan var gíomdarkeynt 14. tíð. tíð

og var samþykkt í sveitarstjórn Dalabyggðar þann

14. Dalaþvágadagur

Deiliskipulagsbreytingin er afháð og gildir í þessum skilmárum.

### SKIPULAGSGÖGN OG KORTLAGRUNNAR

Skipulagsgerðin fyrir svæðið er þessu Deiliskipulagsupplýttur 1.1000 Grænargærd

Skipulagsupplýttur er tekið mið af kortlagrunni sveitarfélagsins



Byggingaflutningur  
Deiliskipulagsbreyting

Útgefnaður: 23.08.2021  
Mál nr.: A3  
Mál nr.: MMR  
Mál nr.: A1/A8

Mál nr.: 1.1000  
Mál nr.: 12.12.2021

Staðnúmer: TILLAGA

Gildandi deiliskipulagsupplýttur tók gildi 14. desember 2019

### SKYRNINGAR

	Lóðir		Perkus		Formningar
	Lóðir, möguleg innvið		Raðhus		Snú A-A
	Byggingareitir		Hnit lóða		Hæðarlínur
	Stærð lóða í m²		Nuværandi hus		Bindandi byggingarlína
	Lóð nr.		Gáur		Mörk deiliskipulagsbreytingar
	Endbýlishus		Gangstættir		
	Endbýlishus 1 hæð		Bilstæði		

0 50 100

### Grænargærd

Gærd er breyting á deiliskipulagslög skv. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting er gærd á uppdrætti og grænargærd. Breyting felur í sér breyttar lóðarskiptir, almúkkun lóða, byggingareitum og skilgreiningum husagæða. Eining er bætt við hnitastærð fyrir lóðirnar.

### Bakka Hammur 13

Lóðin breytist úr raðhúsaðöð í endbýlishúsaðöð og breytir húsaðöðin úr R í E. Lóðin minnkar úr 1.649 m² í 1.074 m². Í kafla 4. í grænargærdi koma fram þeir skilmálar sem eiga við um húsaðöð E.

### Bakka Hammur 15

Lóðin minnkar úr 1.666 m² í 1.472 m² og fær þær lóðum úr fjórum í þrjú. Lóðarmark færast í norður og með því verður minni samþætting áður en lóðir eru útan lóða. Hátt verður samþætting við Minjavörð áður en lóðir verður í framkvæmdir á lóðum 15 og 17. Að öðru leyri gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

Hnitastærð		Norður
nr. Áttur	34	514421,14
35	369976,86	514421,94
36	369976,01	514422,56
37	370012,70	514422,79
53	369974,86	514422,66
54	370011,89	514421,87